

Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness

Fundargerð

17.03.2014 kl: 8:15

Mættir eru: Anna Harðardóttir, Ásgerður Hrönn Hafsteinsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir, Kristinn Ingvarsson, Rakel Viðarsdóttir, Sonja Bergmann, Hörður Árnason, Marion Brochet, Nína Ruth Knudsen og Karen Bjarney Jóhannsdóttir

Fjármál félagsins

Rakel gjaldkeri mun fara í Íslandsbanka og fá aðgang að heimabanka Foreldrafélagsins og athuga stöðuna á reikningnum.

Facebooksíður

Ákveðið hefur verið að stofna tvær facebooksíður

1. Lokaður hópur fyrir alla foreldra. Búið er að stofna þennan hóp undir heitinu „Foreldrafélag leikskóla Seltjarnarness“.
2. Lokaður hópur fyrir stjórn foreldrafélagsins sem mun koma að miklu leyti í staðin fyrir tölvupóstsendingar á milli stjórnar félagsins.

Tölvupóstur

Tölvupóstur verður sendur á alla foreldra með upplýsingum um hverjir eru í stjórn foreldrafélagsins ásamt upplýsingum um facebook síðu og tölvupóstfangi foreldrafélagsins (leikskoliseltjarnarness@gmail.com). Kristinn formaður mun semja póstinn.

Sumarhátíð

Ákveðið var að sumarhátíðin yrði haldin miðvikudaginn 11. júní. Hugmyndir fyrir sumarhátíðina voru:

- Sirkús: Marion mun athuga með atriði og verð.
- Starfsfólk er oft tilbúið að mála börnin áður en hátíðin byrjar. Foreldrafélagið mun þá útvega andlitsmálninguna.
- Grill: Pylsur
- Hoppukastalar: Þarf að vera vakt hjá hoppuköstulunum. Einnig kom upp sú hugmynd að hafa hoppukastalana annan dag og deildirnar gætu þá skipst á að fara í hann yfir daginn.

Hestadagur - Krakkahestar

Hestadagur í maí. Leikskólinn mun koma með tillögu hvenær í maí hentar þeim.

<http://www.krakkahestar.is/>

Leikrit

Gerður mun athuga með Maxímús músíkús.

Önnur mál

- Símaskrá foreldra: Foreldrar fengju þá símanúmer foreldra í sama árgangi og börnin þeirra eru í.
- Viðburðardagatal
- Næsti fundur var ákveðinn 31. mars, kl: 8:15

Fundi slitið kl: 09:00

Fundarritari: Karen Bjarney Jóhannsdóttir